

LAGARAMMI OG NAUÐSYNLEGAR ENDURBÆTUR

**EGGERT ÓLAFSSON, LÖGFRÆÐINGUR
SKRIFSTOFA MATVÆLA, LANDBÚNAÐAR OG
BYGGÐAMÁLA**



TILSKIPUN 98/83 UM GÆÐI NEYSLUVATNS

- Innleidd hér á landi með reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Markmið tilskipunarinnar er að vernda heilsu manna gegn skaðlegum áhrifum frá menguðu neysluvatni með því að tryggja að það sé heilnæmt og hreint.
- Kveður t.d. á um viðmið fyrir örverur og efni í vatni, eftirlitsskyldu og upplýsingagjöf til neytenda.
- Neysluvatn frá vatnsveitu sem dreifir minna en 10 m³ á dag að meðaltali eða þjónar færri en 50 manns nema vatninu sé veitt sem hltua af viðskiptastarfsemi eða opinberri starfsemi má vera undanþegið.
- Heilbrigðisnefndir hafa ekki reglugundið eftirlit eða framkvæma heildarúttekt hjá vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum, nema þær þjóni matvælafyrirtækjum. Þá skal hafa reglubundið eftirlit með þeim (...) a.m.k. einu sinni á ári (3. mgr. 12. gr.)



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ESB UM LITLAR VATNSVEITUR

“Framework for Action for the
management of small drinking water
supplies” (2014)

- Ekki séríslensk áskorun.
- Skortur á gögnum um litlar vatnsveitur.
- Ljóst að lagfæringa er þörf.
- Einungis 60% vatnsveita uppfylla örverufræðileg viðmið.



REGLUR SEM NÁ YFIR LITLAR VATNSVEITUR

Þó ríki nýti sér undanþágu varðandi litlar vatnsveitur þá skulu þau sjá til þess að viðkomandi íbúar fái upplýsingar um það og um allar aðgerðir sem unnt er að grípa til í þeim tilgangi að vernda heilsu manna gegn skaðlegum áhrifum frá mengun neysluvatns. Þar að auki skulu viðkomandi íbúar strax fá viðeigandi ráðgjöf ef komið hefur í ljós að slök gæði þessa vatns geta haf í för með sér hættu fyrir heilsu manna.

Heilbrigðisnefndir skulu árlega skila skýrslu til Matvælastofnunar um niðurstöður úr sýnatökum á neysluvatni. Matvælastofnun skal taka saman og birta skýrslu árlega um ástand neysluvants í þeim tilgangi að koma upplýsingum á framfæri við neytendur. (16. gr.)

Í 6. mgr. 7. gr. Er skylda lögð á ríki að vakta fyrir viðbótarefnum og lífverum þegar mat er að möguleg hætta steðjar að heilsu.

Heilbrigðisnefnd skal meta þörf á aukinni sýnatöku ef vatn á litlum vatnsveitusvæðum er notað á sjúkrastofnunum, í skólum eða annarri starfsemi svo og ef vatnsgæði eru óstöðug.



REGLUR SEM NÁ YFIR LITLAR VATNSVEITUR (FRH.)

6. tölul. 3. mgr. 8. gr. skyldar aðildarríki til að bregðast við ef möguleg hætta steðjar að heilsu hvort sem viðmið standast eða ekki.

Taka skal sýni og framkvæma mælingar ef rökstuddur grunur er um mengun neysluvatns vegna efna eða örvera sem ekki koma fram í viðauka I en geta valdið tjóni á heilsu fólks.(5. mgr. 13. gr.)

1. mgr. 9. gr.: Aðildarríki geta kveðið á um undanþágur frá færíbreytugildunum (...) upp að hámarksgildi sem þau ákveða, að því tilskildu að heilsu manna geti ekki stafað hætta af slíkri undanþágu og ekki sé hægt með neinu öðru eðlilegu móti að halda áfram að dreifa neysluvatni á viðkomandi svæði.

Matvælastofnun er heimilt að veita undanþágu frá hámarksgildum að því tilskildu að heilsu manna stafi ekki hætta af og að því tilskildu að ekki sé hægt með neinu öðru eðlilegu móti að dreifa neysluvatni á viðkomandi svæði.



REGLUR SEM NÁ YFIR LITLAR VATNSVEITUR (FRH.)

13. gr.: Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að neytendur hafi aðgang að nógum og uppfærðum upplýsingum um gæði neysluvatns.

Heilbrigðisnefndir skulu árlega skila skýrslu til Matvælastofnunar um niðurstöður úr sýnatökum á neysluvatni. Matvælastofnun skal taka saman og birta skýrslu árlega um ástand neystluvants í þeim tilgangi að koma upplýsingum á framfæri við neytendur. (16. gr.)



FJÓRIR LYKILÞÆTTIR Í ÁHÆTTUMIÐAÐRI NÁLGUN

1. Að halda uppfærða skrá yfir vatnsveitur.
2. Það liggi fyrir hvaða upplýsingar eigi að vera til um hvert vatnsból.
3. Framkvæmd á áhættumati.
4. Skýrslugjöf.



AÐ LOKUM

Tilskipun 98/83/EB nýverið breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1787.

- Gerir breytingar á viðaukum í samræmi við 11. gr. tilskipunarinnar sem segir að framkvæmdastjórnin skuli aðlaga II. og III. viðauka að framförum í vísindum og tækni að minnsta kosti á fimm ára fresti.
- Á leið í EES-samning síðar á árinu.

Innleiðingarreglugerð samin í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.



TAKK FYRIR.



ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ